



KPMG hf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Alþingi
Erindi nr. P 139/2588
komudagur 20.5.2011

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. maí 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum

Umsögn þessi er sett fram í framhaldi af framlagningu þingskjals 1217, 698. máls á 139. gr. löggjafarþingi. Framangreint þingskjal inniheldur frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum.

KPMG ehf. (hér eftir vísað til sem KPMG) í samstarfi við Landssamtök lífeyrissjóða, Samtök atvinnulífsins, Samtök fjármálafyrirtækja og Viðskiptaráð Íslands, gaf út Handbók stjórnarmanna í október 2010. Með samantekt og útgáfu handbókar af þessu tagi var tekið saman á einn stað yfirlit yfir hiutverk, ábyrgð og skyldur stjórnarmanna. Handbókin hefur fengið góðar og jákvæðar undirtektir og mun nýtast stjórnarmönnum í störfum sínum og vonandi leiða til betri stjórnarhátta í íslensku atvinnulífi. Stjórnarmenn þurfa að hafa góða yfirsýn yfir starfsemi félagsins og tekur uppbygging handbókarinnar mið af því. Í handbókinni er fjallað um m.a. hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna, hlutverk stjórnar, almenn atriði um störf stjórnar, árangursríka stjórnarfundir, hluthafafundi, framkvæmdastjóra, undirnefndir, innra eftirlit, ársreikning og viðskiptasiðferði. Auk þess er í viðaukum fjallað um auknar kröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja, váttryggingafélaga, lífeyrissjóða og félaga með skráð hlutabréf eða skuldabréf. Meðfylgjandi er eintak af Handbók stjórnarmanna sem mun vonandi nýtast viðskiptanefnd í störfum sínum.

Í Handbók stjórnarmanna er fjallað sérstaklega um stjórnarháttayfirlýsingar. Þar kemur fram að samkvæmt kauphallarreglum ber félögum með skráð hlutabréf að lýsa því yfir í ársreikningi og/eða ársskýrslu hvort félagið fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Umsögn þessi er tekin saman einkum til að koma á framfæri athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins.

1. Athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins

1.1 Um 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins

Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins kemur fram að félög með skráð verðbréf skuli „árlega birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í ársreikningi sínum“.

KPMG telur að hér sé á ferðinni annars vegar misskilningur um það hvað „ársreikningur“ er og hins vegar að ekki sé verið að innleiða tilskipun ESB nr. 2006/46/EB með réttum hætti.

Í fyrsta lagi skiptast ársreikningar ekki í „kafla“ þannig að óviðeigandi er að tala um „sérstakan kafla“ í ársreikningi. Í öðru lagi telur KPMG að tilskipun ESB nr. 2006/46/EB kveði sérstaklega á um að yfirlýsingin skuli koma fram í „skýrslu stjórnar“, sbr. 7. tölul. 1. gr. tilskipunarinnar:

„... That statement shall be included as a specific section of the annual report ...“

Þess ber að geta að hugtökin „Annual report“ og „Annual accounts“ fela í sér mismunandi hluti og ekki má blanda þeim saman (a.m.k. ekki á ensku). Hugtökin koma fram í fjórðu tilskipun ESB (nr. 78/660/EEC) og ætti hugtakið „Annual accounts“ að vera þýtt á íslensku sem „ársreikningur“ en hugtakið „Annual report“ sem „ársskýrsla“. Hugtakið „Annual report“ var hins vegar þýtt sem „skýrsla stjórnar“ við setningu laga nr. 144/1994, um ársreikninga, til að koma í veg fyrir hugsanlegan misskilning. Eftirfarandi kom fram í athugasemdum við 52. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 144/1994, um ársreikninga:

„Þessi grein fjallar um skýrslu stjórnar félags. Er greinin í samræmi við 46. gr. 4. tilskipunar. Skýrsla stjórnar skal vera hluti ársreiknings þegar þar er að finna upplýsingar sem skylt er að veita samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, sbr. 36. gr. Sambærileg ákvæði eru í 103. gr. hlutafélagalaga og í 3. mgr. 65. gr. samvinnufélagalaga. Vakin er athygli á að í frumvarpi þessu er skýrsla þessi ávallt nefnd skýrsla stjórnar en í lögum um hlutafélög er hún nefnd ársskýrsla. Sú nafngift er talin geta valdið misskilningi þar sem heitið ársskýrsla er oft notað um ársreikninga ásamt fylgigögnum þeirra. Er því lagt til að gera þennan greinarmun á hugtökum.“

Hitt er svo annað mál að á Íslandi er „skýrsla stjórnar“ innifalin í „ársreikningnum“, þ.e. hún er skilgreind sem aðgreindur hluti ársreiknings, sbr. 3. gr. laga um ársreikninga. Þetta fyrirkomulag byggir væntanlega á eftirfarandi heimild í 2. gr. fjórðu tilskipunnar ESB, þar sem eftirfarandi kemur fram:

*„The annual accounts shall comprise the balance sheet, the profit and loss account and the notes on the accounts. These documents shall constitute a composite whole.
Member States may permit or require the inclusion of other statements in the annual accounts in addition to the documents referred to in the first subparagraph.“*

Að lokum er bent á að 1. gr. frumvarpsins um stjórnarhætti er ætlað að verða 66. gr. c laga um ársreikninga sem er hluti af VI. kafla laganna sem ber heitið „Skýrsla stjórnar“.

Þó má benda á það að samkvæmt tilskipuninni er heimilt að birta upplýsingar sem krafist er samkvæmt 7. tölul. 1. gr. tilskipunarinnar annars staðar en í skýrslu stjórnar, sbr. eftirfarandi:

“Member States may permit the information required by this Article to be set out in a separate report published together with the annual report in the manner set out in Article 47 or by means

of a reference in the annual report where such document is publicly available on the company's website. In the event of a separate report, the corporate governance statement may contain a reference to the annual report where the information required in paragraph 1, point (d) is made available. Article 51(1), second subparagraph shall apply to the provisions of paragraph 1, points (c) and (d) of this Article. For the remaining information, the statutory auditor shall check that the corporate governance statement has been produced."

Með vísan til alls framangreinds er lagt til að 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins orðist svona:

Félag skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal árlega birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í skýrslu stjórnar eða í sérstakri skýrslu sem birt er sem fylgiskjal með ársreikningi.

1.2 Um 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er talið upp hvað eigi að koma fram í yfirlýsingu um stjórnarhætti.

Í „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins eru talin upp þau atriði sem eiga að koma fram í stjórnarháttayfirlýsingu:

- *„Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða ber að fylgja samkvæmt lögum og hvar slíkar reglur eru aðgengilegar almenningi.*
- *Hvort félagið víki frá hluta regnanna eða beiti engum ákvæðum þeirra. Greina skal frá ástæðum frávíka og þeim úrræðum sem gripið var til í stað þeirra.*
- *Lýsing á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringu félagsins í tengslum við samningu reikningsskila.*
- *Gildi félagsins, siðareglur og stefna um samfélagslega ábyrgð.*
- *Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar, framkvæmdastjórnar og undirnefnda stjórnar.*
- *Fyrirkomulag skipunar nefndarmanna undirnefnda.*
- *Upplýsingar um fjölda stjórnarfundar og fundar undirnefnda og mætingu.*
- *Hvar megi nálgast starfsreglur stjórnar og undirnefnda.*
- *Upplýsingar um stjórnarmenn.*
- *Upplýsingar um hvaða stjórnarmenn eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum.*
- *Helstu þætti í árangursmati stjórnar.*
- *Upplýsingar um framkvæmdastjóra félagsins og lýsing á helstu skyldum hans.*
- *Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað.*
- *Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar.“*

Eins og sjá má gengur 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins mun skemur en leiðbeiningarnar. Félagum með skráð hlutabréf ber nú þegar að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti samkvæmt kauphallarreglum og má því gera ráð fyrir að með frumvarpinu sé verið að minnka kröfurnar sem gerðar eru til þeirra félaga. KPMG telur ólíklegt að markmið löggjafans sé að minnka kröfur til félaga með skráð verðbréf og leggur því til að orðalagi 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins verði breytt á þann hátt að um lágmarkskröfur sé að ræða og fyrsti málsliður orðist svo:

Í yfirlýsingunni skal að lágmarki koma fram eftirfarandi [...]

1.3 Um 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins

Í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins kemur eftirfarandi fram „*Sama gildir um samstæðureikningsskilin*“. KPMG leggur til að þessari setningu verði eytt úr frumvarpinu og að í stað hennar komi eftirfarandi setning:

Upplýsingarnar um móðurfélagið skv. 2. mgr. skulu jafnframt birtar í skýrslu stjórnar með samstæðureikningi auk lýsinga á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringarkerfis í tengslum við ferli um gerð og framsetningu samstæðureiknings.

Ástæðan fyrir þessari tillögu er óvissa um það hvernig ber að túlka orðaiagið „*Sama gildir um samstæðureikningsskilin*“. Er þar átt við að *sama yfirlýsingin* eigi að koma fram óháð því hvort um sé að ræða ársreikning og samstæðureikning? Eða er þar átt við það að upplýsingarnar sem eiga að koma fram í yfirlýsingunni eru mismunandi og eigi að taka mið að því hvort um sé að ræða ársreikning móðurfélags eða ársreikning samstæðunnar? Ef það síðara á við þá myndu upplýsingarnar í yfirlýsingunni með samstæðureikningum ná t.d. til stjórnunarháttanna allra félaga innan samstæðu og lýsa innra eftirlit og áhættustýringu við ferli um gerð og framsetningu ársreikninga allra félaga innan samstæðu.

KPMG vill vekja athygli á 10. lið í inngangi tilskipunar ESB nr. 2006/46/EB þar sem eftirfarandi kemur fram:

„ There is no need to impose the requirement of a separate corporate governance statement on undertakings drawing up a consolidated annual report. However, the information concerning the group’s risk management system and internal control system should be presented.“

Þá kemur eftirfarandi fram í 2. tölul. 2. gr. tilskipunar ESB nr. 2006/46/EB:

„ a description of the main features of the group’s internal control and risk management systems in relation to the process for preparing consolidated accounts, where an undertaking has its securities admitted to trading on a regulated market within the meaning of Article 4(1), point (14) of Directive 2004/39/EC of the European Parliament and of the Council of 21 April 2004 on markets in financial instruments (). In the event that the consolidated annual report and the annual report are presented as a single report, this information must be included in the section of the report containing the corporate governance statement as provided for by Article 46a of Directive 78/660/EEC.“*

KPMG telur að framangreind tillaga okkar endurspegli ofangreindar reglur tilskipunar ESB nr. 2006/46/EB að því er varðar upplýsingagjöf í yfirlýsingunni með samstæðureikningum.

2. Tillaga að frekari breytingum á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga

Að mati KPMG þarf að skoða hvort krafa um upplýsingagjöf sem snýr að „*the operation of the shareholder meeting and its key powers...*“ skv. 7. tölul. 1. gr. tilskipunar ESB nr. 2006/46/EB hafi verið innleidd í íslenskum rétti. Ef ekki þá er spurning hvort vilji sé fyrir hendi að nýta tækifærið og innleiða þessa kröfu í tengslum við afgreiðslu þessa frumvarps.



Framangreind krafa um upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar að því er varðar hlutahafafundi og vald þeirra er sett í tilskipunina með fyrirvara um að fyrirtækjum sé ekki nú þegar skylt að veita þessar upplýsingar á grundvelli annarra laga og reglna. Því þyrfti Alþingi að kanna hvort svo sé en ekki er að sjá að slík krafa komi fram í lögum um ársreikninga.

Vakin er athygli á að tilskipunin veitir val til þess að skylda aðeins tiltekin félög eða öll félög með skráð verðbréf til að birta þessar upplýsingar. Ef ákveðið er að tilskipunin eigi eingöngu við um félög með skráð hlutabréf þá væri hægt að bæta við tölulið þess efnis í 66. gr. a. laga um ársreikninga.

Niðurlag

Óskað er eftir að umsögn þessi verði tekin til skoðunar við umfjöllun þessa þingmáls. Starfsmenn KPMG eru tilbúnir til að ræða framangreindar athugasemdir nánar ef eftir því verður óskað.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.

Auður Þórisdóttir
Löggiltur endurskoðandi
athorisdottir@kpmg.is
sími 545-6245

Berglind Ósk Guðmundsdóttir
Lögfræðingur á fyrirtækjasviði
bgudmundsdottir@kpmg.is
sími 545-6149

Jóhann Solomon
Löggiltur endurskoðandi
johannsolomon@kpmg.is
sími 545-6087